

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/40/01		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 123/14/COL. . . . .	1
2014/EES/40/02		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 124/14/COL. . . . .	2
2014/EES/40/03		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 125/14/COL. . . . .	3
2014/EES/40/04		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 126/14/COL. . . . .	4
2014/EES/40/05		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 127/14/COL. . . . .	5
2014/EES/40/06		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 170/14/COL frá 24. apríl 2014 um íslenskt byggðakort fyrir árin 2014–2020 (Ísland) . . . . .	6
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/40/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7261 – Goldman Sachs/Blackstone/Ipreo) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	10
2014/EES/40/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7272 – Fortum Corporation/OAO Gazprom/AS Eesti Gaas/AS Vörguteenus Valdus) . . . . .	11
2014/EES/40/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7284 – Siemens/John Wood Group/Rolls-Royce Combined ADGT Business/RWG) . . . . .	12
2014/EES/40/10		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7298 – UNIQA Insurance Group/UNIQA Life) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	13
2014/EES/40/11		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7303 – PTTGC/Vencorex) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	14

<b>2014/EES/40/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7308 – Atos/Bull) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. . . . .	15
<b>2014/EES/40/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7309 – Bridgepoint/EdRCP) . . . . .	16
<b>2014/EES/40/14</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7325 – ICG/KIRKBI/Minimax Viking Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	17
<b>2014/EES/40/15</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál M.7329 – Saria/Teeuwissen/Jagero II) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	18
<b>2014/EES/40/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7115 – Kuraray/GLSV Business). . . . .	19
<b>2014/EES/40/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7140 – Sistema/Segheza Pulp and Paper Mill) . . . . .	19
<b>2014/EES/40/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7188 – Remondis Nederland/SITA Recycling Services/JV) . . . . .	20
<b>2014/EES/40/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7209 – Faurecia/Magneti Marelli/JV) . . . . .	20
<b>2014/EES/40/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7219 – Sonaci/DTS/Sonaci DT) . . . . .	21
<b>2014/EES/40/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7226 – Carlyle/Traxys) . . . . .	21
<b>2014/EES/40/22</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7233 – Allianz/Going concern of UnipolSai Assicurazioni) . . . . .	22
<b>2014/EES/40/23</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7243 – NPM/Het Gastenhuis) . . . . .	22
<b>2014/EES/40/24</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7249 – CVC/Parexgroup). . . . .	23
<b>2014/EES/40/25</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7254 – LetterOne/RWE Dea). . . . .	23
<b>2014/EES/40/26</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7312 – Towerbrook/Independent Clinical Services Group Limited). . . . .	24

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**

**2014/EES/40/01**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

**Dagsetning ákvörðunar:** 19. mars 2014

**Málsnúmer:** 74977

**Ákvörðunarnúmer:** 123/14/COL

**EFTA-ríki:** Noregur

**Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega):** NCE innovasjonsklynge innenfor mikro- og nanoteknologi (Nýsköpunarklassi NCE fyrir ör- og nanótækni)

**Lagaheimild:** Ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

**Tegund aðstoðar:** Sérstök aðstoð til að efla starfsemi klasa

**Markmið:** Stuðla að nýsköpun

**Aðstoðarform:** Styrkur

**Fjárveiting:** Heildarfjárveiting: 60 milljónir NOK

**Gildistími:** Til júlí 2016

**Atvinnugreinar:** Framleiðslugreinar. Raf- og sjóntæki

**Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:** Innovasjon Norge, postboks 448 Sentrum, Akersgata 13, NO-0104 Oslo, Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

**Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum****2014/EES/40/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

**Dagsetning ákvörðunar:** 19. mars 2014

**Málsnúmer:** 74978

**Ákvörðunarnúmer:** 124/14/COL

**EFTA-ríki:** Noregur

**Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega):** NCE Instrumentation innovasjonsklynge (Nýsköpunarklassi NCE fyrir tækjabúnað)

**Lagaheimild:** Ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

**Tegund aðstoðar:** Sérstök aðstoð til að efla starfsemi klasa

**Markmið:** Stuðla að nýsköpun

**Aðstoðarform:** Styrkur

**Fjárveiting:** Heildarfjárveiting: 60 milljónir NOK

**Gildistími:** Til júlí 2016

**Atvinnugreinar:** Framleiðslugreinar. Raf- og sjóntæki

**Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:** Innovasjon Norge, postboks 448 Sentrum, Akersgata 13, NO-0104 Oslo, Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

**Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum****2014/EES/40/03**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

**Dagsetning ákvörðunar:** 19. mars 2014

**Málsnúmer:** 74979

**Ákvörðunarnúmer:** 125/14/COL

**EFTA-ríki:** Noregur

**Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega):** NCE Aquaculture innovasjonsklynge (Nýsköpunarklassi NCE fyrir lagareldi)

**Lagaheimild:** Ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

**Tegund aðstoðar:** Sérstök aðstoð til að efla starfsemi klasa

**Markmið:** Stuðla að nýsköpun

**Aðstoðarform:** Styrkur

**Fjárveiting:** Heildarfjárveiting: 60 milljónir NOK

**Gildistími:** Til júlí 2017

**Atvinnugreinar:** Fiskeldi, fiskvinnsla, fóðurframleiðsla, lagareldistækni og búnaður

**Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:** Innovasjon Norge, postboks 448 Sentrum, Akersgata 13, NO-0104 Oslo, Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

**Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum****2014/EES/40/04**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

**Dagsetning ákvörðunar:** 19. mars 2014

**Málsnúmer:** 74980

**Ákvörðunarnúmer:** 126/14/COL

**EFTA-ríki:** Noregur

**Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega):** NCE Subsea innovasjonsklynge (Nýsköpunarklassi NCE fyrir starfsemi neðansjávar)

**Lagaheimild:** Ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

**Tegund aðstoðar:** Sérstök aðstoð til að efla starfsemi klasa

**Markmið:** Stuðla að nýsköpun

**Aðstoðarform:** Styrkur

**Fjárveiting:** Heildarfjárveiting: 60 milljónir NOK

**Gildistími:** Til júlí 2016

**Atvinnugreinar:** Tækjabúnaður fyrir olíu- og gasvinnslu neðansjávar

**Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:** Innovasjon Norge, postboks 448 Sentrum, Akersgata 13, NO-0104 Oslo, Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

**Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum****2014/EES/40/05**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

**Dagsetning ákvörðunar:** 19. mars 2014

**Málsnúmer:** 74981

**Ákvörðunarnúmer:** 127/14/COL

**EFTA-ríki:** Noregur

**Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega):** NCE Raufoss innovasjonsklynge (Nýsköpunarklassi NCE í Raufoss)

**Lagaheimild:** Ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

**Tegund aðstoðar:** Sérstök aðstoð til að efla starfsemi klasa

**Markmið:** Stuðla að nýsköpun

**Aðstoðarform:** Styrkur

**Fjárveiting:** Heildarfjárveiting: 60 milljónir NOK

**Gildistími:** Til júlí 2016

**Atvinnugreinar:** Iðnvélar. Raf- og sjóntæki

**Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:** Innovasjon Norge, postboks 448 Sentrum, Akersgata 13, NO-0104 Oslo, Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2014/EES/40/06

170/14/COL

frá 24. apríl 2014

um íslenskt byggðakort fyrir árin 2014–2020

(Ísland)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

Með vísan til:

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 61. til 63. gr. og bókunar 26,

samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**1. Málsmæðferð**

- 1) Stjórnvöld á Íslandi tilkynntu, með bréfi dagsettu 4. apríl 2014, byggðakort sem gildir frá 1. júlí 2014 til 31. desember 2020 („byggðakortið“) samkvæmt 156. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir árin 2014–2020.<sup>(1)</sup> Í leiðbeinandi reglum þessum er gerð krafa um að EFTA-ríki, sem hyggjast veita byggðaaðstoð, tilkynni byggðakort.
- 2) Ákvörðun þessi felur í sér mat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort hið tilkynnta byggðakort samrýmist leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð í samræmi við 157. mgr. þeirra leiðbeinandi reglna. Byggðakortið merkir ekki eitt og sér að veitt hafi verið ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þótt Eftirlitsstofnun EFTA fallist á byggðakortið jafngildir það ekki leyfi til að veita aðstoð. Samþykkt byggðakortsins setur, ásamt leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð, ramma fyrir veitingu svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar. Í því tilliti er byggðakortið óaðskiljanlegur hluti leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.<sup>(2)</sup>

**2. Svæði sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt strjálbýlisskilyrðinu****2.1 Íbúahlutfall og hagskýrslusvæði á Íslandi**

- 3) Íbúahlutfall í héruðum sem njóta aðstoðar í EFTA-ríkjunum hefur verið ákveðið í leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð. Íbúahlutfall fyrir Ísland fyrir árin 2014–2020 er 36,5%.<sup>(3)</sup>
- 4) Ísland skiptist í tvö hagskýrslusvæði <sup>(4)</sup> á 3. stigi:
  - Höfuðborgarsvæðið og
  - Landsbyggðina.

**2.2 Hið tilkynnta byggðakort**

- 5) Þar eð verg landsframleiðsla á mann er tiltölulega mikil getur ekkert íslenskt svæði notið undanþágu samkvæmt stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.<sup>(5)</sup>
- 6) Stjórnvöld á Íslandi hafa tilkynnt að Ísland utan höfuðborgarsvæðisins eigi rétt á undanþágu samkvæmt stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins á grundvelli lágs íbúahlutfalls.<sup>(6)</sup>

<sup>(1)</sup> Samþykkt með ákvörðun 407/13/COL frá 23.10.2013.

<sup>(2)</sup> 157. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

<sup>(3)</sup> 142. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. Í samræmi við 140 mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð, er íbúafjöldi á svæðum, sem njóta aðstoðar, lægri en á svæðum, sem njóta ekki aðstoðar.

<sup>(4)</sup> 142. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

<sup>(5)</sup> Ákvæði stafl. a) í 142. mgr. og 143.–144. mgr.

<sup>(6)</sup> 148. og 149. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.



- 7) Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram kort af tilgreindu svæðunum (í viðauka við þessa ákvörðun). Tilgreinda svæðið, landsbyggðin, er 99 258 km<sup>2</sup>.
- 8) Landsbyggðin er hagskýrslusvæði á 3. stigi með færri en 12,5 íbúa á ferkílómetra. Tilgreinda svæðið teljast því vera strjálbýlt svæði.<sup>(7)</sup>
- 9) Heildaríbúafjöldi á Íslandi 1. janúar 2014 var 325 671 íbúi og heildaríbúafjöldi svæðisins sem hið tilkynnta byggðakort tekur til er 116 919 íbúar samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofunni.<sup>(8)</sup> Þar af leiðir að hið tilkynnta byggðakort tekur til 35,9% íbúa á Íslandi. Það er lægra en íbúahlutfallið fyrir Ísland sem kemur fram í leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð (36,5%).<sup>(9)</sup>

### 2.3 Yfirlit yfir sveitarfélög sem falla undir hið tilkynnta byggðakort

- 10) Fjöldi sveitarfélaga, sem falla undir hið tilkynnta byggðakort, er 67.
- 11) Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir öll sveitarfélög, ásamt númerum þeirra,<sup>(10)</sup> sem eru á byggðakortinu.

Sveitarfélög	Númer	Sveitarfélög	Númer
Reykjanesbær	2000	Kaldrananeshreppur	4902
Grindavíkurbær	2300	Strandabyggð	4911
Sandgerðisbær	2503	Sveitarfélagið Skagafjörður	5200
Sveitarfélagið Garður	2504	Húnaþing vestra	5508
Sveitarfélagið Vogar	2506	Blönduósibær	5604
Akraneskaupstaður	3000	Sveitarfélagið Skagaströnd	5609
Skorradalshreppur	3506	Skagabyggð	5611
Hvalfjarðarsveit	3511	Húnavatnshreppur	5612
Borgarbyggð	3609	Akrahreppur	5706
Grundarfjarðarbær	3709	Akureyrarkaupstaður	6000
Helgafellssveit	3710	Norðurþing	6100
Stykkishólmsbær	3711	Fjallabyggð	6250
Eyja- og Miklaholtshreppur	3713	Dalvíkurbyggð	6400
Snæfellsbær	3714	Eyjaþingarsveit	6513
Dalabyggð	3811	Hörgársveit	6515
Bolungarvíkurkaupstaður	4100	Svalbarðsstrandarhreppur	6601
Ísafjarðarbær	4200	Grýtubakkahreppur	6602
Reykholahreppur	4502	Skútustaðahreppur	6607
Tálknafjarðarhreppur	4604	Tjörneshreppur	6611
Vesturbyggð	4607	Þingeyjarsveit	6612
Súðavíkurhreppur	4803	Svalbarðshreppur	6706
Árneshreppur	4901	Langanesbyggð	6709

<sup>(7)</sup> 149. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

<sup>(8)</sup> Upplýsingar frá stjórnvöldum á Íslandi sem nálgast má á eftirfarandi vefslóð: <http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN02005%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9l%F6gum+1998%2D2013+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+1%2E+jan%FAar+2014%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fjoldi>

<sup>(9)</sup> 142. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

<sup>(10)</sup> Sjá kortið í viðauka við þessa ákvörðun.

Sveitarfélög	Númer	Sveitarfélög	Númer
Seyðisfjarðarkaupstaður	7000	Skaftárhreppur	8509
Fjarðabyggð	7300	Ásahreppur	8610
Vopnafjarðarhreppur	7502	Rangárþing eystra	8613
Fljótisdalshreppur	7505	Rangárþing ytra	8614
Borgarfjarðarhreppur	7509	Hrunamannahreppur	8710
Breiðdalshreppur	7613	Hveragerðisbær	8716
Djúpavogshreppur	7617	Sveitarfélagið Ölfus	8717
Fljótisdalshérað	7620	Grímsnes- og Grafningshreppur	8719
Sveitarfélagið Hornafjörður	7708	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	8720
Vestmannaeyjabær	8000	Bláskógabyggð	8721
Sveitarfélagið Árborg	8200	Flóahreppur	8722
Mýrdalshreppur	8508		

### 3. Aðstoðarhlutfall

- 12) Hámark almennrar aðstoðar við hlutgenga svæðið er 15% af vergu styrkigildi. Þar við bætist 20% hækkun til lítilla fyrirtækja eða 10% til meðalstórra fyrirtækja. Þetta aðstoðarhlutfall samrýmist því hámarki sem sett er í 154. og 155. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

### 4. Gildistími og endurskoðun

- 13) Hið tilkynnta kort mun gilda frá 1. júlí 2014 til 31. desember 2020, í samræmi við 156. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. Hið tilkynnta kort kann að vera endurskoðað á miðju tímabili í júní 2016, ef þess gerist þörf, eins og mælt er fyrir um í 161. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð, til þess að auðkenna hugsanleg svæði sem kunna að eiga rétt á byggðaaðstoð samkvæmt stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og aðstoðarhlutfalli sem svarar vergri landsframleiðslu á mann.
- 14) Þá skerðir ákvörðunin ekki heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til að endurskoða kortið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, ef nauðsyn krefur, áður en ofangreindu tímabili lýkur.

### 5. Niðurstaða – byggðakortið samrýmist leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð

- 15) Á grundvelli matsins, sem hér hefur verið lýst, er það afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að íslenska byggðakortið fyrir árin 2014–2020 samrýmist meginreglunum í leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð þar eð íbúahlutfallið á svæðinu sem það tekur til er ekki hærra en segir til um í 142. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

#### 1. gr.

Íslenska byggðakortið fyrir árin 2014–2020 samrýmist meginreglunum í leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð. Kortið sem er að finna í viðauka við ákvörðun þessa er því óaðskiljanlegur hluti leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

#### 2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.


Gjört í Brussel 24. apríl 2014.

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Oda Helen Sletnes  
*Forseti*

Frank Büchel  
*Stjórnarmaður*

*VIÐAUKI*



# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2014/EES/40/07**

**(mál M.7261 – Goldman Sachs/Blackstone/Ipreo)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Goldman Sachs Group, Inc („Goldman Sachs“) og bandaríska fyrirtækið Blackstone Group L.P. („Blackstone“) öðlast með hlutafjárkaupum sameiginleg yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Ipreo Holdings LLC („Ipreo“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Goldman Sachs: alþjóðlegur fjárfestingarbanki sem hefur með höndum verðbréfastarfsemi og fjárfestingar
  - Blackstone: alþjóðlegur fagfjárfestir sem veitir ráðgjafarþjónustu á sviði fjármála
  - Ipreo: lætur í té upplýsingabúnað á sviði fjármála víðs vegar um heim, þ.m.t. hugbúnað til færslu á viðskiptum, upplýsingagagnagrunna, leit á fjárfestum og búnað til að stjórna viðskiptatengslum („CRM“) sem og markaðseftirgrennslan og –greiningu til handa fjármálastofnunum og -fyrirtækjum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð ráðsins EB nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 213, 8.7.2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7261 – Goldman Sachs/Blackstone/Ipreo, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.20013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7272 – Fortum Corporation/OAO Gazprom/AS Eesti Gaas/  
AS Vörguteenus Valdus)**

2014/EES/40/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem finnska fyrirtækið Fortum Corporation („Fortum“) og rússneska fyrirtækið OAO Gazprom („Gazprom“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í eistneska fyrirtækinu AS Eesti Gaas („EG“) og eistneska fyrirtækinu AS Vörguteenus Valdus („Valdus“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Fortum: finnsk orkusamstæða sem einkum starfar á Norðurlöndunum og á svæðunum við Eyrstrasaltið og er helsta starfsemi hennar framleiðsla, dreifing og sala á raforku og hita, rekstur og viðhald á orkuverum sem og þjónusta sem tengist orkumálum
  - Gazprom: rússnesk orkusamstæða sem einkum starfar við leit, framleiðslu, flutninga, hreinsun og markaðssetningu á jarðgasi og efnun unnum úr jarðolíu eða jarðgasi
  - EG: hlutafélag með aðsetur í Eistlandi sem hefur með höndum innflutning og sölu á jarðgasi og í minna mæli sölu á raforku
  - Valdus: hlutafélag með aðsetur í Eistlandi sem hefur með höndum rekstur á gasleiðslu í Eistlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 219, 11.7.2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7272 – Fortum Corporation / OAO Gazprom/AS Eesti Gaas/AS Vörguteenus Valdus, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7284 – Siemens/John Wood Group/Rolls-Royce Combined ADGT Business/RWG)**

2014/EES/40/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Siemens AG („Siemens“) öðlast með hlutafjárkaupum i) að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hluta breska fyrirtækisins Rolls-Royce plc („Rolls-Royce“), þ.e. Rolls-Royce's Aero-derivative Gas Turbines Business, þjökkunarstarfsemi Rolls-Royce og Rolls-Royce's Aftermarket Services Business (til samans „Rolls-Royce Combined ADGT Business“); og ii) 50% hlut í Rolls-Royce í (og þar með sameiginleg yfirráð í) Rolls Wood Group Limited („RWG“), sem um þessar mundir er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni milli Rolls-Royce og breska fyrirtækisins John Wood Group plc („WG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Siemens: hefur með höndum orkumál, heilbrigðismál, iðnaðarstarfsemi, grunnvirki og borgarmál, viðskipti þvert á atvinnugreinir og fjármálaþjónustu og fasteignaviðskipti. Starfsemi Siemens í tengslum við gashverfla til notkunar í iðnaði er hluti af deildum fyrir orkuframleiðslu- og orkuþjónustu innan orkugeirans. Fyrirtækið er með starfsemi í mörgum löndum í Evrópu
  - Rolls-Royce Combined ADGT Business: nær yfir i) Rolls-Royce ADGT Business, sem tekur til hönnunar, framleiðslu og uppsetningar á strokkhreyflum sem ganga fyrir gasi, ii) þjökkunarstarfsemi Rolls-Royce sem tekur til hönnunar, framleiðslu, sölu og uppsetningar á þjökkpum sem Rolls-Royce selur ásamt strokkhreyflum sem ganga fyrir gasi og iii) Rolls-Royce Services Business, sem veitir rekstraraðilum og viðskiptavinum viðhaldsþjónustu eftir sölu á strokkhreyflum og þjökkpum sem ganga fyrir gasi
  - RWG: er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni hjá Rolls-Royce og WG. Fyrirtækið veitir viðhaldsþjónustu, viðgerðarþjónustu og þjónustusköðun á tilteknum Rolls-Royce strokkhreyflum og þjökkpum sem ganga fyrir gasi
  - WG: orkuþjónustufyrirtæki sem veitir margs konar verkfræðiþjónustu, og framleiðsluástoð, viðhaldsþjónustu og þjónustusköðun á hreyflum sem ganga fyrir gasi og orkuframleiðslu víðs vegar um heiminn
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 213, 8.7.2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7284 – Siemens/John Wood Group/Rolls-Royce Combined ADGT Business/RWG, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7298 – UNIQA Insurance Group/UNIQA Life)**

2014/EES/40/10

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið UNIQA Previdenza S.p.A. („UNIQA Previdenza“) sem er undir yfirlýðum austurrísku samstæðunnar UNIQA Insurance Group AG („UNIQA“) öðlast með breytingum á reglunum um stjórnun á UNIQA Life að fullu yfirlýð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar í ítalska fyrirtækinu UNIQUA Life S.p.A. („UNIQA Life“), sem um þessar mundir er undir sameiginlegum yfirlýðum UNIQA Previdenza og Veneto Banca Holding S.C.p.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - UNIQUA: þjónusta og vörur á sviði líffrygginga, skaðatrygginga og endurtrygginga
  - UNIQUA Life: þjónusta og vörur á sviði líffrygginga
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð ráðsins EB nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

